

Sigurður Haraldsson
Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfirði
Siggih@hafnarfjordur.is

Steingrímur Hauksson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs Kópavogsbæjar
Digranesvegur 1
200 Kópavogur.
steingr@kopavogur.is

Efni: Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins. Mótvægisáðgerðir vegna umferðar vélknúinna ökutækja.

Að útivistarsvæðinu í Bláfjöllum liggja tveir vegir í umsjá Vegagerðarinnar; Bláfjallavegur (417) og Bláfjallaleið (407). Sjá kort hér að neðan. Fjölfarnasta leiðin er um Bláfjallaveg (417-01) og áfram eftir Bláfjallaleið (407). Bláfjallavegur (417-02) er ekki þjónustaður að vetri til.



Fyrir liggur að núgildandi vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins kallar á mótvægisáðgerðir vegna umferðar innan Bláfjallasvæðisins, m.a. með endurbótum á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið. Vegna yfirstandandi umfjöllunar Skipulagsstofnunar á fyrirspurn um þörf á umhverfismati

framkvæmda í tengslum við uppbyggingu á skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er kallað eftir upplýsingum um framkvæmd mótvægisáðgerða og tímasetningu þeirra.

Í skýrslu Vegagerðarinnar og VSÓ er dregin upp mynd af þeim áðgerðum og úrbótum á þjóðvegum innan vatnsverndarsvæðisins sem taldar eru æskilegar til að lágmarka áhættu af umferð innan þess.


Þessar áðgerðir eru:

- a) Lokun syðri hluta Bláfjallavegar fyrir almennri umferð, frá gatnamótun Bláfjallavegar og Bláfjallaleiðar og suður undir Leiðarenda.
- b) Úrbætur á norðurhluta Bláfjallavegar og Bláfjallaleiðar til að lágmarka slyshættu og hættu á mengunarslysum.

Vegagerðin óskar eftir afstöðu Hafnarfjarðarbæjar og Kópavogsbæjar til fyrirhugaðrar lokunar Bláfjallavegar. Lokunin mun ná frá stöð 11.600 í vestri að vegamótum við Bláfjallaleið. Aðkoma að hellinum Leiðarenda verður þannig enn möguleg frá Krísuvíkurvegi um vestasta hluta Bláfjallavegar.



Virðingarfyllst,



Erna Bára Hreinsdóttir,
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Afrit: Jónas Snæbjörnsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs Vegagerðarinnar og Svanur Bjarnason, svæðisstjóri Suðursvæðis Vegagerðarinnar. Páll Guðjónsson, framkvæmdarstjóri SSH.